

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grindavíkurbæ.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Grindavíkurbæjar samþykkt breytingu á deiliskipulagi Svartsengis og deiliskipulagi Bláa lónsins. Breyting á deiliskipulagi Svartsengis nær til þess að markaður er byggingarreitur fyrir dælustöð vegna niðurdælingar á affallsvökva og mörkuð lega þrýstilagnar meðfram Bláalónsvegi. Breyting á deiliskipulagi Bláa lónsins nær til þess að skilgreindar eru tvær borholur ásamt tilheyrandi framkvæmda- og byggingareit, mörkuð er lega þrýstilagnar meðfram Bláalónsvegi og afmörkun og stærð skipulagssvæðis er breytt.

Bæjarstjórnin samþykkti breytingarnar 28. september 2011 og hefur deiliskipulagsbreytingin hlotið meðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga og 7. og 9. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Grindavík, 13. júní 2012.

Ingvar Þ. Gunnlaugsson,
sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

B-deild – Útgáfud.: 28. júní 2012